

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland ehf. Benninghoven Færanleg malbikunarstöð



Umhverfis-
og orkustofnun

Dags eftirlits	1.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Colas Ísland ehf. Benninghoven	Eftirlitsmaður	
Heimili	Gullhellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum fundust við eftirlitið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með færanlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. - Benninghoven þann 1. desember 2025.

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Stöðin er nú staðsett nærri Þorlákshöfn og starfsleyfið er frá 20. ágúst 2021. Gerðar voru breytingar á starfsleyfinu þann 13. desember 2024.

Dagskrá eftirlitsins

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjölum
- Umfang starfseminnar
- Trygging vegna bráðamengunar
- Fræst malbik
- Mælingar og vöktun
- Grænt bókhald, losunarbókhald, ársskýrsla
- Áhættumat
- Kvartanir
- Vettvangsferð

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Engin opin frávik eða ábendingar voru opnar þegar farið var í eftirlitið.

2. Kynning á fylgiskjölum

Rekstraraðila voru send fylgigögn með boðun eftirlitsins. Farið var yfir þessi fylgigögn í eftirlitinu. Kynnt var breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar og leiðbeiningar um olíuskiljur,

3. Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að framleiða allt að 160 tonn/klst sem er hámarks framleiðslugeta stöðvarinnar. Einnig er heimilt að hafa við stöðina olíugeyma (daggeyma) fyrir starfsemina með fullnægjandi lekavörn. Í eftirlitinu kom fram að á svæðinu eru 18.000 lítra díselgeymir, 45.000 tonna bikgeymir og 4000 lítra dísel tankur.

4. Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði tryggingaskírteini í eftirlitinu.

5. Fræst malbik

Ekki er verið að endurnýta eldra malbik í stöðinni.

6. Mælingar og vöktun (4,2)

Í starfsleyfinu kemur fram að mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í útblæstri. Í ársskýrslu fyrir árið 2024 kemur fram að engar mælingar voru gerðar þar sem engin framleiðsla var í stöðinni allt árið. Gerð var mæling fyrir árið 2025 þann 3. september. Skýrsla barst stofnuninni 3. október 2025 og eru niðurstöður mælingarinnar innan marka í starfsleyfinu.

7. Grænt bókhald, losunarbókhald, ársskýrsla

Grænu bókhaldi fyrir 2024 var skilað of seint sem er frávik frá starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur undanfarin ár skilað einungis einu sameiginlegu grænu bókhaldi fyrir allar starfstöðvar og ekki með raunverulegum tölum. Skila skal grænu bókhaldi fyrir hvert og eitt starfsleyfi.

8. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

9. Kvartanir

Hvorki rekstraraðila né Umhverfis- og orkustofnun hafa borist kvartanir vegna rekstursins frá síðasta eftirliti.

10. Vettvangsferð

Keyrt var að námunni þar sem malbikunarstöðin er staðsett. Sökum háliku var ekki hægt að keyra niður í námuna en horft var yfir svæðið ofanfrá. Á svæðinu er talsvert af bömbum án leka- og árekstrarvarna. Einn neyslugeymir án árekstrarvarna og tvær olútunnur án leka og árekstrarvarna sem er frávik.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Fyrirtæki sem færa eiga grænt bókhald skulu fyrir 1. maí ár hvert senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald. Grænt bókhald fyrir árið 2024 barst ekki fyrir 1. maí 2025.

Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við reksturs gegn olíumengun frá starfsemi á landi.


lausageyma.
Bambar, neyslugeymar og tunnur eru á svæðinu án árekstrar- og lekavarna.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

10.12.2025



Kristín Kröyer